

Um Julietu Pinto

„Maður drukknar ef maður skrifar ekki“,
(„Uno se ahoga si no escribe”)¹

Julieta Pinto fæddist í Kosta Ríku í júlí árið 1922.² Hún lauk námi frá Kvennaskóla San José borgar (Colegio Superior de Señoritas) og innritaðist því næst í Háskóla Kosta Ríku (Universidad de Costa Rica) þáðan sem hún lauk prófi í málvísindum og bókmenntum. Í kjölfarið sótti hún nám í bókmenntum og félagsfræði í Frakklandi um tveggja ára skeið.

Þegar hún sneri aftur til heimalandsins tók hún við starfi deildarforseta Málvísinda- og bókmenntafræðideildar Heredia háskóla (Universidad Nacional de Heredia) og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum innan og utan skóla. Mennta- og menningarmál voru ætíð starfsvettvangur Pinto og hún átti m.a. sæti í málvísindastofnun Kosta Ríku (Academia Costarricense de la Lengua) á árunum 1992–2012. Hún lét jafnréttis- og mannúðarmál sig ætíð miklu varða, auk þess sem jaðarsetning ómenntaðs alþýðufólks hvíldi á henni. Víða í skrifum hennar bregður enn fremur fyrir umræðu um stétta- skiptingu og ríkjandi mismunun milli landsbyggðar og höfuðborgar, auk gagnrýni á þaulsetna valdastétt landsins, sjálfhverfa stjórnarhætti hennar og óréttlætið sem þorri almennings bjó og býr við.

Rithöfundaferill Julietu Pinto á sér orðið langa sögu og ber þar mest á skáld- og smásögum, auk ritgerða- og greinaskrifa ýmiss

1 Úr viðtali frá Pinto við blaðamann *La Nación*, Fernando Chaves Espinach, í tilefni níraðisafmælis hennar fyrir nokkrum árum. Til frekari upplýsingar sjá: http://www.nacion.com/ocio/rio-trajohistorias-Julieta-Pinto_0_1356864355.html Sjá einnig umfjöllum Irene González Muñoz um Julietu Pinto í tímaritinu *Kaína*, Vol 40, Nr. 2, 2016. http://www.scielo.sa.cr/scielo.php?script=sci_arttext&pid=S2215-26362016000200191

2 Sums staðar kemur fram að hún hafi fæðst árið 1921.

konar. Hún hefur verið virkur og virtur pistlahöfundur fyrir alla helstu fréttamiðla Kosta Ríku, svo sem dagblöðin *La Nación* og *La República*, og bókmenntatímaritin *Revista de Cultura*, *Contrapunto* og *Kañina*. Fyrsta smásagnasafn hennar Sögur jarðar (Sp. *Cuentos de la tierra*) kom út árið 1963, en síðan hafa komið út eftir hana tveir tugir skáldsagna og smásagnasafna, mörg þeirra nú aðgengileg á veraldarvefnum. Aðstæður og atburðir úr hversdagslífi fólks eru Pinto hugleikin, nokkuð sem e.t.v. ræður miklu um að verk hennar eru notuð sem kennsluefni á öllum skólastigum í Kosta Ríku og hafa oft birst í safnrítum um mið- og suður Amerískar bókmenntir. Pinto hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir skrif sín, m.a. verðlaun kennd við Aquileo J. Echeverría fyrir bestu skáldsögu ársins 1969 og fyrir bestu smásöguna árið 1970 og aftur árið 1993. Henni hlotnuðust einnig hin virtu Magón-menningarverðlaun árið 1996 fyrir framlag sitt í þágu menningar og lista í Kosta Ríku.

Smásaga Pinto „Ég hef syndgað faðir...“ („Me acuso padre...“), sem hér fylgir í þýðingu Hólmsfríðar Gardarsdóttur, birtist fyrst í smásagnasafninu Handan við hornið (Sp. *A la vuelta de la esquina*) árið 1975. Sagan veitir innsýn í höfundaverk Pinto en þar er brugðið upp mynd af tengslum auðvaldsins og kirkjunnar þjóna, og ljósi varpað á samræmdar aðferðir þeirra til að halda lýðnum í skefjum.